Íslenska 8. bekkur
Námsáætlun námsárið 2026 - 2027

Unnið verður með hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla (2024)

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
24. ágúst - 15. okt.	**Fallorð** **(Val á kjörbók. Heimalestur og lestur í umsjón)**	Nafnorð og greinir (próf 1) Lýsingarorð (próf 2) Lokapróf: Reglubók leyfileg (próf 3)	áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra (próf 1-3) beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun (próf 3)	Málið í mark - Fallorð Rafbók: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/malid_i_mark_fallord/ Gagnvirkar æfingar: https://www1.mms.is/malid/

Skipulagsdagur 30. september Fjölgreindaleikar 1. - 2. október

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
16. - 21. okt.	**Stafsetning**	Innlögn á reglum Stafsetningarpróf	beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki	Finnbjörg: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Finnbjorg/44/

Nemenda- og foreldraviðtöl 20. október Vetrarleyfi 22., 23. og 26. október

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
27. okt. - 12. nóv.	**Kjörbókarritgerð**	Innlögn á efnistökum og uppbyggingu bókmenntaritgerða Vinna með heimildir	**Íslenska** beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendur er skrifað og hvaða birtingarform er valið	APA-vefur ritvers: https://ritver.hi.is/is/apa

			skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir **Upplýsinga- og tæknimennt** unnið með fjölbreyttar heimildir og metið áreiðanleika þeirra, virt höfundarétt og almennt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum	

Vinadagur 7. nóvember

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
13. - 17. nóv.	**Kynning á kjörbók**	Innlögn og æfingar Kynningar nemenda	flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika	

Skipulagsdagur 20. nóvember

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
18. nóv. - 11. des.	**Kjalnesinga saga**	Íslendingasögur: Einkenni, hugtök, sögutími og samfélag Stöðupróf Lokapróf	lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir (stöðupróf og lokapróf) lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð (lokapróf) beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum (lokapróf)	Rafbók https://mms.is/namsefni/kjalnesinga-saga-hljodbok Hljóðbók https://mms.is/namsefni/kjalnesinga-saga-hljodbok

Desemberþema 27. nóvember

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
14.- 16. des.	**Örritun**	Þjálfun í skapandi skrifum		

Jólaþorp 17. desember Jólaskemmtun 18. desember Jólaleyfi 19. desember - 4. janúar

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
5. jan. - 15. jan.	**Ljóð: Bragfræði og bókmennta-hugtök**	Ljóðaverkefni Flutningur á ljóði	notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum – flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni	Bragi, óðfræðivefur: https://ismus.is/bragi/handbok/

Skipulagsdagur 11. janúar

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
17. jan. - 5. feb.	**Sagnorð** (bls. 1-34)	Próf 1	áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra	Málið í mark - Sagnorð Rafbók: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/malid_i_mark_sagnord/ Gagnvirkar æfingar: https://www1.mms.is/malid/

Nemenda- og foreldraviðtöl 2. febrúar

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
8. feb. - 12. apríl	**Milljón holur**	Próf 1 og 2	lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir, beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinn	*Milljón holur* eftir Louis Sachar
	Bókmennta-ritgerð	Uppbygging, efnistök, heimildir, bókmennta-hugtök	skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr, samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap, beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum	APA-vefur ritvers: https://ritver.hi.is/is/apa
	Kvikmyndin Holes	Áhorfsverkefni	horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýninn hátt, nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt	

Öskudagur 10. febrúar Vetrarleyfi 22. - 23. febrúar

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
16. mars	**Upplestur**	Upplestrarpróf	lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni	

Þemadagar 17. – 18. mars Nemendasýning 19. mars Páskaleyfi 20. mars - 29. mars

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
30. mars -7. apríl.	**Talmál - ritmál**	Orðræðugreining, paraverkefni	beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu	Hlaðvarp og viðtal

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
8. - 21. apríl	**Sagnorð** (bls. 35-58)	Próf 2 (myndir og hættir) Lokapróf (bls. 1-58). Reglubók leyfileg.	áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra (próf 2 og lokapróf) beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun, (lokapróf)	Málið í mark - Sagnorð Rafbók: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/malid_i_mark_sagnord/ Gagnvirkar æfingar: https://www1.mms.is/malid/

Sumardagurinn fyrsti 22. apríl

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
23. apríl -7. maí	**Stafsetning**	Innlögn á reglum Greinarmerki Æfingar Stafsetningarpróf	beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki	Finnbjörg: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Finnbjorg/44/

Skipulagsdagur 27. apríl Uppstigningardagur 6. maí

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
11.- 12. maí	**Upplestur**	Upplestrarpróf	lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni	

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
13. - 21. maí	**Orðmyndunar-fræði**	Innlögn Æfingar Próf	áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun.	

Annar í hvítasunnu 17. maí

Dags.	Viðfangsefni	Nánar	Hæfniviðmið	Námsgögn
24. -4. júní	**Örritun**	Þjálfun í skapandi skrifum		

Vordagar 7. - 8. júní Skertur dagur 9. júní Skólaslit 10. júní